



Á R S S K Ý R S L A

<i>Efnisyfirlit</i>	<i>blaðsíða</i>
Skýrsla stjórnar	24
Áritanir stjórnar og forstjóra	26
Skýrsla endurskoðenda	26
Rekstrameikningur 2012	27
Efnahagsreikningur 31. desember 2012	28
Sjóðstreymi 2012	29
Skýringar	30

Starfsemi Lánasjóðs Vestur-Norðurlanda:

Á árinu 2012 voru veitt ný lán að fjárhæð 15,5 MDKK. Árið 2011 nam fjárhæðin 16 MDKK.

Greiðslugeta Lánasjóðsins gerir mögulegt að árlegar lánveitingar geti að jafnaði verið um það bil 20 MDKK. Vegna lágrar efnahagslegrar virkni á Grænlandi og í Færeyjum á síðast liðnum árum, reyndist mögulegt að koma til móts við allar beiðnir um fjármögnun þeirra umsókna sem bárust árið 2012 og árin þar á undan og reyndust uppfylla efnahagslegar kröfur.

Að mati stjórnarinnar er það áfram mikilvægt, að útlán frá Lánasjóðnum haldi uppi og styðji við uppbyggingu atvinnulífsins á Grænlandi og í Færeyjum. Þetta á ekki síst við um stöður fyrir lærlinga, en mikil þörf er á menntun fyrir unga fólk, sérstaklega á Grænlandi en einnig í Færeyjum.

Þau verkefni sem fjármögnuð hafa verið með lánnum frá Lánasjóðnum sýna í lok árs 2012 fram á að hafa skapað atvinnutækifæri sem svarar til ca. 200 heilsdagsstarfa á Grænlandi og um það bil 300 í Færeyjum, eða samtals um 500 heilsdagsstörf. Það samsvarar sambærilegu uppgjöri fyrir 2011. Í uppgjörinu er byggt á mati frá nokkrum fyrirtækjum.

Uppgjörið um fjölda heilsdagsstarfa sýnir ekki heildaráhrifin af útlánnum Lánasjóðsins, vegna þess að hluti þeirra verkefna sem Lánasjóðurinn hefur fjármagnað í gegnum tíðina, eru í dag fjármögnuð á annan hátt. Yfirlitið sýnir þar að auki ekki því lík ruðningsáhrif eru í atvinnulífinu frá verkefnum sem Lánasjóðurinn hefur fjármagnað. Má þar nefna atvinnutækifæri í bygginga- og mannvirkjagerð vegna þeirra bygginga sem fyrirtækin þurfa undir reksturinn og undirverktakar þeirra sem meðal annars þjónusta reksturinn, ásamt aukinni virkni á almennan efnahag samfélagsins.

Færeyskur efnahagur er að miklu leyti háður þróuninni í fiskveiðum, það er að segja jafnt þróun tiltæks veiðimagns og heimsmarkaðsverðs.

Færeyskur útflutningur, að undanskildum útflutningi á skipum, jókst 2012 samanborið við 2011 um 1,3%, meðan innflutningur, að undanskildum innflutningi skipa, jókst um 16,5%. Uppsjávarfiskurinn og lax frá laxeldi eru áfram stærsti hluti útflutningsins. Færeyjar ákváðu makrílkvóta 2012 eins og árin 2010 og 2011 sem var verulega hærrí en kvóti árin þar á undan. Undanfarin ár hefur verið vaxtaskeið í laxeldi og árið 2012 slógu útflutningsverðmætinn met, þar sem þau voru meira en þriðjungur af heildar útflutningi Færeyja. Einnig má benda á, að mörg fiskvinnslufyrirtæki í landi skila óásættanlegri rekstramiðurstöðu á árinu 2012.

Atvinnuleysi árið 2011 var 6,8%. Á árinu 2012 lækkaði það í 5,5%. Það samsvarar atvinnuleysi 1.662 manna. Heildarvinnuafli í lok árs 2012 var 27.060 manns. Á tímabilinu frá 2010 til 2012 fækkaði heildarvinnuafli um 402 manns.

Opinberir sjóðir sýna verulegan halla í fjárhagsáætlunum. Tap Landssjóðsins verður fjármagnað með útgáfu skuldabréfalána. Fari svo að aðþjóðlegt vaxtastig hækki, eða lánamöguleikar Færeyja lækki, gætu hækkandi vaxtagjöld takmarkað möguleikana á því, að opinber efnahagur geti stutt og flýtt fyrir vexti í samfélaginu.

Grænlenstur efnahagur byggist aðallega á árlegri fjárveitingu frá Danmörku og á nýtingu á sjálfbærum auðlindum, sérstaklega rækju. Fjárveitingin 2012, sem var 3,585 MDKK, uppfærir samkvæmt verð- og launapróun í rekstraráætlun danska ríkisins.

Rækjan er mikilvægasta fiskauðlindin. Á grundvelli líffræðilegrar ráðgjafar hefur Naalakkersuisut (grænenska stjórnin) ákveðið, að minnka leyfilegan hámarksafli. Þar sem útflutningsverð á rækju hefur verið hátt 2012, eru efnahagsleg áhrif rækjuveiðanna góð, þrátt fyrir minnkandi magn.

Samdráttur var í grænlenstur efnahagslífi 2012 borið saman við árið á undan. Áætlanir gera ráð fyrir að VPF lækki. Heimastjórnin samþykkti 2012 lög, sem ákvarða rammaskilyrði fyrir stóriðjufyrirtæki sem eru að koma sér fyrir í námuvinnslu á Grænlandi. Löggin gera mögulegt, að verkefni yfir ákveðinni stærð geti flutt inn erlent vinnuafli, sem leiði til þess að launagreiðslur verði samkvæmt alþjóðlegum staðli og þar með stuðlað að hærri ávöxtunarsigli hjá fyrirtækjunum. Það verður sérstaklega í mannvirkjagerð að þörf verður fyrir erlent vinnuafli á sérstökum launakjörum.

Fari svo að stórfyrirtæki í námuvinnslu verði að veruleika, eins og áætlanir gera ráð fyrir og nýja lagasetningin á að ýta undir, getur niðurstaðan leitt til meiri virkni hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum, sem þjónusta félögin sem standa að námuvirkjækjunum. Jafnframt má reikna með áhrifum í auknum fjölda hóteltgistingar. Þannig má áætla að skjót og verulega jákvæð áhrif verði á efnahag og atvinnulíf.

Komi hins vegar ekki til slíkra stórfamkvæmda, er satt að segja ekki útlit fyrir efnahagslegan vöxt á Grænlandi. Til langs tíma litið hefur þetta í för með sér þjóðhagfræðilegt álag vegna þróunar þjóðfélagsins, þar sem sá hluti íbúanna sem komin er á eftirlaun stækkar og er þar með eðlilega utan vinnuaflið.

Á Grænlandi fjármagnaði Lánasjóðurinn á árinu 2012 tvö verkefni með 2 lánnum fyrir samtals 7,5 MDKK. Annað lánið er veitt til hótels og er að fjárhæð 5 MDKK en hitt lánið er veitt til farþegabáts og er að fjárhæð 2,5 MDKK.

Í Færeyjum fjármagnaði Lánasjóðurinn fjögur verkefni með 4 lánnum samtals að fjárhæð 8 MDKK. Þar eru 3 MDKK greiddar til tveggja verkefna í fiskiðnaði og 5 MDKK greiddar til tveggja verkefna. Annað er iðnaðarfyrirtæki og hitt er þjónustufyrirtæki.

Vaxtatekjur Lánasjóðsins lækkuðu 2012 í 3,375 MDKK (4,169 MDKK 2011). Heildar kostnaður við stjórnun og skrifstofuhald var 3,164 MDKK (3,131 MDKK 2011). Framlag í afskriftareikning vegna taps á útlánnum, ásamt útgjöldum vegna veða lækkuðu í 0,204 MDKK (1,050 MDKK 2011). Framlag til NORA er 66.915 DKK

(46.577 DKK 2011) og eftir framlag til NORA varð rekstrarafkoma 0 DKK (0 DKK 2011). Rekstrarafkoma fyrir afskriftir lækkaði í 0,271 MDKK (1,096 MDKK 2011) og var því 0,825 MDKK lægri en 2011.

Samkvæmt samþykktunum ber að veita allt að 1,5 MDKK til NORA. 66.915 DKK hafa því verið lagðar til hliðar í reikningshaldi.

Stjórnin telur erfitt að setta sig við það, að vaxtatekjum, sem héldu áfram að lækka árið 2012 samanborið við á árið á undan, geri það ekki mögulegt að ná

verulega jákvæðri rekstrarniðurstöðu. Þannig byggist það aðallega á lækkun á afskriftum útlána, að þrátt fyrir lækkun vaxtateknanna næst smávægilega jákvæð rekstrarniðurstöðu.

Að jákvæð rekstrarniðurstöðu mjög áþekk rekstrarniðurstöðu ársins 2011 hafi náðst, er þó að mati stjórnarinnar ásættanleg niðurstöðu.

Skrifstofur og starfsfólk:

Lánasjóðurinn hefur skrifstofur í Reykjavík, Nuuk og Færeyjum. Sjóðurinn hefur 2 starfsmenn. Skrifstofunni í Færeyjum er þjónað frá Nuuk. Samtals voru 2 ársverk.

ÚTBORGUD LÁN

Tvö lán voru veitt til tveggja grænlenkra verkefna í ferðaiðnaði:

Hotel Avannaa	• hótél	5.000.000 DKK	15 ár
Arne Niemann	• farþegabátur	2.500.000 DKK	10 ár

Fjögur lán voru veitt til fjögurra verkefna í Færeyjum:

P/F Grafia	• grafísk hönnun	1.000.000 DKK	10 ár
P/F JT Electric	• rafmagnsverkstæði	4.000.000 DKK	15 ár
P/F Norðís 2011	• fiskiðnaður	1.000.000 DKK	8 ár
Sp/F Glyggur	• fiskiðnaður	2.000.000 DKK	10 ár

Útborguð lán til vestnorrænna verkefna alls: 15.500.000 DKK

HORFUR

Fjármálakreppa í mörgum löndum hefur neikvæð áhrif á þróun efnahags Evrópulandanna. Í framhaldi af árinu 2012 hafa mörg lönd stigið skref til að draga úr skuldavandanum, en reikna má með því, að lítil efnahagslegur vöxtur verði í mörg ár í Evrópulöndunum. Hin neikvæða efnahagslega þróun í Evrópulöndunum hefur haft minni áhrif á mættarstólpa þjóðfélagsins á Grænlandi og í Færeyjum, sem hafa reynst traustir. Stjórnin reiknar með því að efnahagsástand á Grænlandi og í Færeyjum árið 2013, verði ekki ósvipað og var á árinu 2012.

Mat stjórnarinnar er, að horfur fyrir þróun efnahags á Grænlandi og í Færeyjum muni ekki breyta verulega þeim forsendum, sem notaðar voru við gerð útlánaáætlunar Lánasjóðsins fyrir árin 2012 - 2015. Stjórnin hefur ekki komið auga á neina veikleika hjá lánþegum sínum til að standa við endurgreiðslu núverandi lána og mun því meðhöndla nýjar lánsúmsóknir ársins 2013 í samræmi við útlánaáætlunina.

Stjórnin telur, eins og 2011, áfram hættu á því, að niðursveiflan í fiskiðnaðinum í Færeyjum, geti haft tap í för með sér á útlánum Lánasjóðsins í þessari atvinnugrein. Sömuleiðis er sú áhætta enn til staðar, að ferðamannaiðnaðurinn á Grænlandi verði fyrir neikvæðum áhrifum af efnahagslegri þróun í Vestur-Evrópu og þar með hækkandi olíuverði, sem ásamt fleiru getur valdið hærra verði á flugmiðum til skaða fyrir þróunina í ferðaiðnaðinum. Vegna þessa mun stjórnin

áfram meta nákvæmlega áhættuna á tapi á útlánum Lánasjóðsins og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að takast á við þetta.

Í árslok 2012 hafði Lánasjóðurinn handbært fé, sem gefur möguleika á aukinni útlánastarfsemi á árinu 2013 að einhverju marki, sem að verulegu leyti er hærra en meðaltalið upp á 15-20 MDKK, sem gert er ráð fyrir í útlánaáætluninni fyrir árin 2012-2015. Vegna þessa mun Lánasjóðurinn kappkosta með öllum tiltækum ráðum að auka hagnýtingu til gagns fyrir atvinnulífið á Grænlandi og í Færeyjum. Þar sem markaðshorfur fyrir fjárfestingar á Grænlandi og í Færeyjum eru almennt slæmar, hefur stjórnin í augnablikinu takmarkaðar væntingar um að eftirspurn eftir lánum frá Lánasjóðnum aukist verulega á árinu 2013.

Verkefni sem stuðla að samstarfi milli fyrirtækja í hinum þremur vestnorrænu löndum, munu njóta velvilja Lánasjóðsins.

Lánasjóðurinn mun vinna að því jafnt á Grænlandi sem í Færeyjum að ná meiri dreifingu útlána varðandi fjölda atvinnugreina.

Stjórnin á von á því, að hið lága vaxtastig sem nú er, muni gilda áfram stóran hluta ársins 2013. Þar sem vextirnir 2012 breyttust eftir því sem leið á árið, hafa hinir lágu núverandi vextir ekki sýnt full áhrif á heilt ár.

Þess vegna má áætla að vaxtatekjumar 2013 verði lægri en þær voru 2012. Reiknað er með vægum hækkunum á stjórnumarkostnaði 2013. Með þetta lága vaxtastig er það áfram ólíklegt að ná fram hagnaði af rekstri Lánasjóðsins. Á þessum grunni byggist sú skoðun að rekstramiðurstaða fyrir tap og afskriftir verði lægri árið 2013 en var árið 2012.

Eftir gildistöku breyttra samþykka, um að veita árlega af hagnaði allt að 1,5 MDKK til NORA, hafa á tímabilinu

1998 til 2012 verið greiddar 9,8 MDKK til NORA. Þetta hefur haft veruleg áhrif á að vöxtur eigin fjár Lánasjóðsins hefur stöðvast. Síðast liðin 10 ár, hefur eigið fé vegna þessa aðeins vaxið um 1,1 MDKK. Þar með eru raunverulegir möguleikar Lánasjóðsins til útlánastarfsemi skertir árum saman. Þetta telur stjórnin óásættanlegt og telur því nauðsynlegt, að þetta vandamál fái einnig umfjöllun í tengslum við þá úttekt á Lánasjóðnum sem Norræna Ráðherranefndin stendur fyrir núna.

ÁRITANIR STJÓRNAR OG FORSTJÓRA

Stjórnin og framkvæmdastjórnin hafa í dag fjallað um og samþykkt ársreikninga fyrir 1. janúar – 31. desember 2012 fyrir Lánasjóðinn.

Við teljum valda reikningsskilavenju hentuga fyrir Lánasjóðinn og að ársreikningurinn gefi rétta mynd af eignum og skuldum, fjárhagsstöðu og rekstramiðurstöðu, ásamt sjóðstreymi fyrir rekstrarárið 1. janúar - 31. desember 2012.

Jens Erik Magnussen

Færeyjum - formaður

John Bernhard

Danmörku

Mattias Moberg

Svíþjóð

Elina Selinheimo

Finnlandi

Jörn Birk Olsen

Grænlandi - varaformaður

Haukur Halldórsson

Íslandi

Bjørn Normann Hansen

Noregi

Undirritað á stjórnarfundum í Helsingfors, þann 11. mars 2013:

Sverri Hansen

forstjóri

ÁRITANIR ENDURSKOÐENDA

Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og eigenda í Lánasjóði Vestur-Norðurlanda. Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lánasjóðs Vestur-Norðurlanda fyrir árið 2012. Ársreikningurinn hefur að geyma áritun og skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga á Íslandi. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar

á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sjóðsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2012, efnahag hans 31. desember 2012 og breytingu á handbæru fé á árinu 2012, í samræmi við lög um ársreikninga á Íslandi.

Reykjavík 11. mars 2013

Ásbjörn Björnsson

Löggiltur endurskoðandi
Ernst & Young - Íslandi

Sveinn Arason

Ríkisendurskoðandi

REKSTRARREIKNINGUR *1. janúar - 31. desember 2012*

	<i>Skýringar</i>	2012 DKK	2011 DKK
VAXTATEKJUR			
	Vaxtatekjur af bankainnistæðum	182.246	216.109
	Vaxtatekjur af útlánum	3.310.853	4.017.717
	Gengismunur	(118.293)	(64.798)
		3.374.806	4.169.028
AÐRAR TEKJUR			
	Aðrar tekjur	59.775	58.020
		59.775	58.020
	Samtals vaxtatekjur	3.434.581	4.227.048
REKSTRARGJÖLD			
	Launakostnaður og fleira til stjórnunar og stjórnar	1.831.617	1.765.165
	Stjórnun	1.280.109	1.313.599
	Afskrift íbúðar	51.972	51.972
	Stjórnunarkostnaður samtals	3.163.698	3.130.736
	Framlag í afskriftareikning	203.968	1.049.735
	Tap og afskriftir samtals	203.968	1.049.735
	Rekstrargjöld alls	3.367.666	4.180.471
HAGNAÐUR		66.915	46.577

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. desember 2012

Eignir	Skýringar	2012 DKK	2011 DKK
SJÓÐUR OG KRÖFUR Á LÁNASTOFNANIR			
	Bankainnistæður	27.340.009	24.840.814
	Sjóður og kröfur á lánastofnanir alls	27.340.009	24.840.814
ÚTLÁN			
	Útlán 3	91.593.214	93.164.224
	Útlán alls	91.593.214	93.164.224
FASTAFKÁRMUNIR			
	Íbúð 6	2.679.456	2.731.428
	Fastafjármunir alls	2.679.456	2.731.428
AÐRAR EIGNIR			
	Skuldunautar	64.362	887.822
	Aðrar eignir alls	64.362	887.822
EIGNIR SAMTALS		121.677.041	121.624.288
SKULDIR			
Skuldir	Skýringar	2012 DKK	2011 DKK
AÐRAR SKULDIR			
	Lánadrottnar	263.673	231.258
	Framlag til NORA	66.915	46.577
	Aðrar skuldir alls	330.588	277.835
LÁN			
	Lán vegna íbúðar 7	567.000	567.000
	Lán alls	567.000	567.000
EIGIÐ FÉ			
	Stofnfé 8	91.284.091	91.284.091
	Varasjóður	29.495.362	29.495.362
	Eigið fé alls	120.779.453	120.779.453
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ SAMTALS		121.677.041	121.624.288

SJÓÐSTREYMI 2012

	2012 DKK	2011 DKK
<i>HANDBÆRT FÉ (TIL) FRÁ REKSTRI</i>		
Hagnaður ársins	66.915	46.577
Liðir sem hafa ekki áhrif á handbært fé	295.878	2.245.880
Handbært fé (til) og frá rekstri	362.793	2.292.457
<i>FJÁRFESTINGAHREYFINGAR</i>		
Afborganir frá útlánnum	16.827.104	18.660.047
Útborguð lán	(15.500.000)	(16.000.000)
Sala innleystra veða	0	100.000
Skuldunautar	823.460	66.682
Fjárfestingahreyfingar	2.150.564	2.826.729
<i>FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR</i>		
Lánadrottinnar	32.415	(33.944)
NORA	(46.577)	(81.906)
Fjármögnunarahreyfingar	(14.162)	(115.850)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	2.499.195	5.003.336
Handbært fé í ársbyrjun	24.840.814	19.837.478
Handbært fé í árslok	27.340.009	24.840.814

SKÝRINGAR

1. Upplýsingar um Lánasjóð Vestur-Norðurlanda

Hlutverk Lánasjóðsins er að veita lán til fyrirtækja á Grænlandi og í Færeyjum, og við vissar aðstæður einnig til Íslands. Lögheimili Lánasjóðsins er í Kringlunni 4, 103 Reykjavík, Íslandi.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga á Íslandi. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Allar fjárhæðir eru í dönskum krónum.

Matsaðferðir

Ársreikningurinn er unnin út frá ákveðnum forsendum, sem krefst sérstaks mats á mikilvægum liðum ársreikningsins. Matið er unnið af stjórninni í samræmi við góða reikningsskilavenju og á grundvelli upplýsinga sem liggja fyrir ásamt þeim forsendum, sem stjórnin telur réttlætanlegar og raunhæfar. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Áfallnir vextir og verðbætur útlána eru færðar til tekna í ársreikningnum. Allar eignir og skuldir eru metnar í dönskum krónum. Gengismunurinn er bókfærður í rekstarreikningi.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Útlán

Útlánin eru sett fram á nafnvirði og með afskriftir í samræmi við væntingar, en ekki raunverulegt tap. Afskriftir á útlánum eiga sér stað jafnt á einstök lán sem og lánaflokka.

Afskriftareikningur útlána

Afskriftareikningur útlána er myndaður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir útlánastarfsemi. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Framlög í afskriftareikning útlána og raunverulegt tap, koma fram í rekstrarreikningi og skýringum.

Handbært fé

Til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis teljast sjóður og bankainnistæður.

Tekjur

Tekjur, þ.e.a.s vextir frá útlánum sem Lánasjóðurinn hefur greitt út, tekjufærast við greiðslu gjalddaga.

3. Útlán

Útlán skipt niður á lönd:

	Færeyjar	Grænland	Ísland	Samtals
Heildar útlán	36.307.308	54.458.239	827.667	91.593.214
Vaxtatekjur frá útlánum	1.199.322	1.968.435	143.096	3.310.853

Lán Lánasjóðsins skipt eftir atvinnugreinum:

	2012	2011
Hótel og ferðaþjónusta	38,70%	34,10%
Handið og smáíðnaður	28,20%	27,50%
Fiskiðnaður	12,20%	12,40%
Aðrar atvinnugreinar	20,90%	26,00%
	100%	100%

Lán Lánasjóðsins skipt eftir eftirstöðvatíma:

	2012	2011
Til afborgunar innan árs	17.287.385	20.130.150
Til afborgunar eftir 1 ár og allt að fimm árum	41.288.133	37.063.780
Til afborgunar eftir 5 ár	33.017.696	35.970.294
	<hr/>	<hr/>
	91.593.214	93.164.224

4. Afskriftareikningur útlána

	2012	2011
Afskriftareikningur í ársbyrjun	16.881.102	17.021.195
Framlag í afskriftareikning á árinu	203.968	1.049.735
Endanlega töpuð lán á árinu	(47.885)	(1.189.828)
Staða afskriftareiknings í árslok	<hr/>	<hr/>
	17.037.185	16.881.102
Afskriftareikningur útlána í hlutfalli af útlánnum	15,68%	15,34%

5. Laun og launatengd gjöld

Heildar launakostnaður var 1.831.617 DKK. Það eru laun til forstjóra, starfsmanna og stjórnarlaun til stjórnarmanna. Hjá Lánasjóðnum eru tvö heilsdagsstörf. Stjórnarlaun eru 10.000 DKK á ári fyrir hvern stjórnarmann og 20.000 DKK fyrir stjórnarformanninn, eða samtals 80.000 DKK á ári. Að auki fá stjórnarmenn greidd fundalaun fyrir hvern fund. Heildar launakostnaður 2011 var 1.765.165 DKK.

6. Varanlegir rekstrarfjármunir

	2012	2011
Stofnverð	2.887.344	2.887.344
Afskrifað alls í upphafi árs	(155.916)	(103.944)
Afskrifað á árinu	(51.972)	(51.972)
Bókfært verð í árslok	<hr/>	<hr/>
	2.679.456	2.731.428
Afskriftaprósenta	2%	2%

7. Langtímaskuldir-íbúð

Endurgreiðsla lánanna sem Lánasjóðurinn hefur tekið hefst árið 2028 og lánin endurgreiðast á 15 árum. Lánin eru vaxtalaus til ársins 2028 þegar endurgreiðslur hefjast. Það eru Heimastjórn Grænlands og Sveitarfélagið Sermersooq, hvort með sömu upphæð sem veittu lánin.

8. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Stofnfé	Varasjóður	Hagnaður ársins	Alls
Eigið fé í ársbyrjun	91.284.091	29.495.362	0	120.779.453
Hagnaður ársins	0	0	66.915	66.915
Framlag til NORA	0	0	(66.915)	(66.915)
Eigið fé í árslok	<hr/>	<hr/>	<hr/>	<hr/>
	91.284.091	29.495.362	0	120.779.453